**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**
**nr. 74/2001**

**frá 19. júní 2001**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2001 frá 30. mars 2001([1]).

2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/7/EB frá 29. janúar 2001 um þriðju aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 94/55/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 17e (tilskipun ráðsins 94/55/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32001 L 0007:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/7/EB frá 29. janúar 2001 (Stjtíð. EB L 30, 1.2.2001, bls. 43).“

---

([1]) Stjtíð. EB L 158, 14.6.2001, bls. 65 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 30, 14.6.2001, bls. 22.
([2]) Stjtíð. EB L 30, 1.2.2001, bls. 43.

*2. gr.*

Texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/7/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes* *M. Brinkmann*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.